
Vörusala

Síðast uppfært 15/09/2026 2:28 pm BST

Í sölukerfinu getur þú haldið utan um og selt vörurnar þínar ásamt því sem þú getur auðveldlega séð hvaða vörur viðskiptavinir þínir hafa keypt áður.

Stofna vöru

1. Þú byrjar á því að fara í **valmyndina** sem þú finnur uppi í vinstra horninu.
2. Næst ferðu undir **sala** og smellir á **vörulisti.**
3. Smellir á bláa hnappinn uppi í hægra horninu sem stendur á **+Bæta við** og lítur svona út:
   

4. Velur **+vara.**

Vöruflokkar

Ef þú ert með margar vörur til sölu notar þú **vöruflokka** til þess að skipuleggja vörurnar þínar þannig auðvelt sé fyrir þig að finna þær vörur sem þú ætlar að selja hverju sinni í miðju söluferli.

Stofna nýjan vöruflokk

Þetta er gert á sama hátt og ný vara er stofnuð nema þegar þú smellir á **+bæta við** þá velur þú í staðin **+yfirflokkur**.

Síðan setur þú inn heiti vöruflokksins og getur valið ákveðin lit til þess að aðgreina vöruflokkana. Að lokum smellir þú á **stofna vöruflokk.**

> Ef þú vilt aðgreina vörurnar enn frekar getur þú verð með undirflokk undir vöruflokknum. T.d. geturðu verið með vöruflokk sem heitir **sjampó** og undirflokk sem heitir **Davines.**
>
> Þú bætir við undirflokknum með því að smella á **+** (plúsinn sem þú finnur við hliðina á vöruflokknum í vörulistanum og velur **+ yfirflokkur.**

Bæta vöru inn í vöruflokk


Það er hægt að gera á tvenns konar hátt:

1. Ef þú ferð undir vörulistann og smellir á ákveðinn vöruflokk getur þú hakað við þær vörur sem tilheyra viðkomandi vöruflokk.
2. EF þú ferð undir vörulistann og smellir á ákveðna vöru getur þú valið hvaða vöruflokk varana á að tilheyra undir **yfirflokkar.**

Strikamerki

Ef að vöruskanni er tengdur við tölvuna er hægt að bæta við strikamerki á hverja vöru og þannig hægt að skanna vörur inn í söluna í stað þess að leita af þeim eftir nafni.

Þú stofnar strikamerki með því að smella á vöruna í vörulistanum --> setur músina á stikuna undir **strikamerki** og skannar síðan inn vöruna.



Birgðakerfi

Þú getur skellt inn birgðastöðu á vörum inni í sölukerfinu og þannig fengið tilkynningu um leið og birgðarstaðan er orðin lág hjá þér.

Lestu meira um birgðakerfið hér.


Nánari lýsing

Hægt er að vera með nánari lýsingu á vörunum. Það er gert með því að smella á vöru í vörulistanum og valið **nánari lýsing.**

Bókhaldsnúmer: Ef þú flokkar vörur þínar eftir bókhaldsnúmerum er þetta þinn reitur.
Mynd: Birtist í söluferlinu og einfaldar þér að velja rétta vöru þar.
Lýsing: Hefur engin áhrif eins og er, en mun vera mikilvægt þegar vörur birtast inni á Noona.

Fjöldabreyting

Ef þú ert með langan vörulista og þarft að gera breytingar á honum, eins og t.d. verðbreytingar, þá höfum við einfaldað ferlið fyrir það. Þú einfaldlega smellir á "fjöldabreyting" í vörulistanum og færð þá yfirlit yfir allar vörur þar sem þú getur breytt heiti, verði, lagerstöðu, sett inn strikamerki og VSK %.





Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbúbbluna ef eitthverjar spurningar vakna og/ef þú ert með einhverjar ábendingar ?
